

Frjómælingar á Akureyri og í Garðabæ í apríl og maí 2022


Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 7. júní 2022

Akureyri. Í ár hófust frjómælingar 16. mars á Akureyri. Fyrsta frjókornið kom í frjógildruna sama dag og var það elrífirj. Fá frjókorn mældust í mars, 10 frjó/m³, og var helmingur þeirra elrífirj. Í apríl mældust alls 36 frjó/m³ á Akureyri sem er nokkuð undir meðallagi (meðaltal í apríl er 62 frjó/m³). Mest var af lyng- og víðifirjóum auk fimm asparfirjóa.

Í byrjun maí fjölgaði asparfirjókornum og um miðjan mánuðinn tóku svo birkifirjókornin við. Frjókorn voru samfellt í lofti allan mánuðinn og mældist heildarfrjótölu þeirra 1367 frjó/m³. Það er hátt yfir meðaltali í maí sem er 499 frjó/m³. Þetta er annar mesti fjöldi frjókorna sem mælt hefur á Akureyri í maí frá upphafi mælinga 1998. Síðustu fjóra dagana í maí mældist 1031 frjó/m³ eða 75% heildarfrjöldans.

Fyrsta birkifirjókorn ársins á Akureyri mældist 7. maí. Næstu birkifirjókorn mældust tíu dögum seinna þann 17. maí og voru þau samfellt í lofti út mánuðinn. Alls mældust 1085 birkifirjókorn/m³ í maí sem er vel yfir meðallagi en meðaltal þeirra í maí er 294 frjó/m³. Birkifirjókorn eru almennt í lofti í 2–4 vikur og munu því líklega mælast eitthvað áfram í júní ef þannig viðrar.

Aðrar frjögerðir sem mældust á Akureyri í maí voru einkum asparfirjók, 176 frjó/m³ (vel yfir meðaltalinu sem er 112 frjó/m³), ásamt víðifirjóum (47 frjó/m³) og lyngfirjóum (21 frjó/m³).



Myndritið sýnir birki- gras- og asparfirjók ásamt heildarfrjótölu í maí á Akureyri. Frjótala birkis fór mest í 363 frjó/m³ þann 30. maí. Mikið mældist af asparfirjóum í mánuðinum og nokkuð af víði- og lyngfirjóum. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.



Garðabær. Í ár hófust frjómælingar í Garðabæ 22. mars og kom fyrsta frjókornið í frjógildruna 25. mars. Einungis mældust 2 frjó/m³ í mánuðinum og voru það elrífir.


Í apríl mældust alls 34 frjó/m³ sem er nokkuð undir meðallagi en meðaltal síðustu ára er 51 frjó/m³. Mest mældist af lyng- og elrífirjum eða samtals 23 frjó/m³. Einungis tvö asparfrjó og tvö birkifrjó mældust í mánuðinum.

Heildarfrjöldi frjókorna í maí var 433 frjó/m³ sem er talsvert yfir meðallagi (meðaltal í maí er 282 frjó/m³). Frjókorn voru nánast samfelld í lofti allan mánuðinn, aðeins tvo daga mældust engin frjókorn í Garðabæ.

Snemma í maí byrjuðu asparfrjó að mælast og mældist í heildina 51 frjó/m³ í mánuðinum, vel yfir meðallagi en meðaltal síðustu ára er 33 frjó/m³. Frjótími aspar stóð í rúmlega tvær vikur en þá byrjuðu birkifrjó að mælast og mældust birkifrjó alls 268 frjó/m³ sem er einnig vel yfir meðaltali maímánaðar (143 frjó/m³). Eins og á Akureyri má búast við að frjótími birkis teygi sig inn í júní ef veðurskilyrði verða hagstæð.

Aðrar frjógerðir sem mældust í Garðabæ í maí voru einkum lyngfrjó (38 frjó/m³), víðifrjó (17 frjó/m³) og grenifrjó (12 frjó/m³).

Fyrsta grasfrjóðið kom í gildruna 29. maí og alls urðu þau 12 talsins sem er mun meira en hefur mælst áður í maí og gæti bent til þess að grasfrjó verði snemma á ferðinni í ár.



Myndritið sýnir birki- gras- og asparfrjó ásamt heildarfrjótölu í maí í Garðabæ. Frjótölur aspar mældust aðallega fyrri hluta maí og birkið tók síðan við. Frjótala birkis fór hæst í 68 frjó/m³, þann 22. maí. Grasfrjó eru aðeins byrjuð að mælast. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfrjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Garðabær, 7. júní 2022

Ellý Guðjohnsen

Netfang elly@ni.is
www.ni.is

